72 28. maí **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa Helgastaða-prestakalli til hússbyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 19. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Helgastöðum í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, síra Helgi Pjetur Hjálmarsson, taki 2500 króna embættislán handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestssetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum brunnu í eldsvoða 21. febr. þ. á., en sum eru orðin mjög hrörleg, vönduðu timburhúsi tvíloptuðu með múruðum kjallara undir og sje húsið eigi minna að flatarmáli en 11 × 10 álnir, með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Enn fremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 25 árum í lengsta lagi með jöfnum árlegum greiðslum, auk vaxta, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel vandað, *að* húsið með nauðsynlegum ofnum, eldavjel og innanbyggingu, verði eign staðarins, *að* presturinn haldi húsinu vátryggðu undir eptirliti prófasts fyrir 2500 krónum að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umbeðna lán getur eigi fengizt úr landssjóði, vegna þess, að peningaforði hans er eigi meiri en svo, að líklegt er, að hann gjöri eigi betur en hrökkva til lögboðinna fjárgreiðslna.

73 1. júní **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa Höfðaprestakalli á Höfðaströnd til hússbyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Höfða á Höfðaströnd, síra Pálmi Þóroddsson, taki 1600 kr. embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestsetrinu í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er komin eru að falli, vönduðu húsi einloptuðu, með gafli og hliðvegg gegn norðri og austri úr torfi, en að öðru leyti úr timbri, og sje húsið eigi minna að flatarmáli, en 14 × 9 álnir, með 1 álnar »porti« að minnsta kosti, og haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi samþykkir; svo sje undir húsinu múraður kjallari, 8 × 6 áln. að flatarmáli að minnsta kosti. Enn fremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt með 80 krónum á ári, auk vaxta, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel vandað, *að* húsið með ofni, eldavjel og innanbyggingu verði eign staðarins, *að* presturinn haldi húsinu vátryggðu undir eptirliti prófasts fyrir 1600 krónum að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.